



FJÖLMIÐLANEFND

31. maí 2022

Ákvörðun nr. 3/2022

Beiðni Vilhelms Róberts Wessman um andsvör á grundvelli 36. gr. laga um fjölmiðla vegna umfjöllunar á vef Mannlífs 17. maí 2022

I. Málsvik

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun þann 24. maí 2022 frá Lögmannsstofunni Valdimarsson fyrir hönd umbjóðanda hennar, Vilhelms Róberts Wessman (hér eftir kvartandi). Í kvörtuninni var krafist íhlutunar Fjölmiðlanefndar á hendur Sólartúni ehf. (hér eftir Sólartún), Reyni Traustasyni, ritstjóra, og Gunnhildi Kjerúlf Birgisdóttur, blaðamanni, vegna synjunar um andsvör við umfjöllun fjölmiðilsins Mannlífs um kvartanda sem birtist 17. maí 2022. Í kvörtuninni var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um rétt til andsvara.

Í kvörtuninni kom fram að Mannlíf hafi staðið fyrir ítarlegri umfjöllun um kvartanda sem ætti ekki við rök að styðjast að hans mati. Telji kvartandi að Mannlíf sé í einhvers konar herferð gegn sér og að fyrir liggi að hans mati að fjölmiðlaveita miðilsins, Sólartún, fái greitt fyrir þá umfjöllun. Hafi sú umfjöllun verið kærð til nokkurra yfirvalda og nefnda. Að mati kvartanda hafi Sólartún og ritstjóri Mannlífs reynt að bendla hann við meint innbrot á skrifstofur Mannlífs þrátt fyrir ítrekuð mótmæli kvartanda þar um. Hafi kvartandi margsinnis reynt að koma á framfæri andsvörum með takmörkuðum eða engum árangri.

Í kvörtuninni var vísað til umfjöllunar sem birtist í vef Mannlífs 17. maí 2022 undir fyrirsögninni „Lögreglan hefur enn ekki yfirheyrt Róbert Wessman: „Það er ekki búið að því““. Sama umfjöllun hafi jafnframt birst á ensku síðar sama dag undir fyrirsögninni „Police has not yet questioned Róbert Wessman: „No, they have not““. Í umfjöllun Mannlífs kom fram að samkvæmt samtali miðilsins við talsmann kvartanda hafi kvartandi ekki enn verið kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu



FJÖLMÍÐLANEFND

vegna kæru ritstjóra Mannlífs á hendur honum. Í umfjölluninni var rakið um hvað kæran snérist að hluta til, hvað hefði komið fram í hlaðvarpi Mannlífs varðandi málið og fleira. Neðst í umfjöllunina var settur fyrirvari um að ritstjórn Mannlífs væri þolandi í innbroti og hafi kært kvartanda til lögreglu „fyrir yfirhyllingu og þar með aðild að innbrotinu“. Kvartandi hafi kært umfjöllun Mannlífs til siðanefndar Blaðamannafélags Íslands, Persónuverndar, Fjölmiðlanefndar, Fjarskiptastofu og ríkisskattstjóra en Mannlíf verið „sýknað“ í þeim málum sem búið væri að úrskurða í.

Að mati kvartanda hafi Mannlíf farið með rangt mál í fyrrgreindri umfjöllun og ekki gætt að hlutleysi eða heimildum. Væri umfjöllunin bæði óvönduð og bersýnilega röng með annarlegan hvata að leiðarljósi að mati kvartanda. Umfjöllunin bæri þess merki að kvartandi hafi haft aðkomu að innbroti á skrifstofur Mannlífs. Einnig væri fullyrt að lögreglan ætti eftir að yfirheyra kvartanda vegna málsins. Hið rétta væri að ritstjóri Mannlífs hafi tilkynnt um meinta aðkomu kvartanda til lögreglu vegna upplýsinga sem kæmu frá „vafasömum aðila“. Ekkert lægi fyrir um hvort lögreglan hygðist taka skýrslu af kvartanda eða í hvaða tilgangi sú skýrslutaka ætti að vera. Kvartanda teldi sig ekki hafa haft vitneskju og/eða aðkomu að hinu meinta innbroti. Hafi kvartandi krafist þess að Mannlíf myndi birta eftirfarandi andsvör, sbr. 36. laga um fjölmiðla:

„Í tilefni af greinarskrifum Mannlífs á vefnum þann 17. maí 2022 undir fyrirsögninni: „Lögreglan hefur enn ekki yfirheyrt Róbert Wessman: „Það er ekki búið að því““ er rétt að eftirfarandi komi fram:

Í greininni er þess getið að Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs, hafi kært Róbert í mars sl. fyrir það sem ritstjórinn kallar "yfirhyllingu sönnunargagna" í kjölfar meints innbrots á skrifstofur miðilsins. Með framangreindum greinarskrifum vegur Reynir Traustason enn og aftur að æru Róberts Wessman, með því að gefa annars vegar til kynna að Róbert hafi gerst sekur um hegningarlagabrot og hins vegar að til standi að yfirheyra hann af lögreglu vegna hins skáldaða hegningarlagabrots. Þessum ásökunum er harðlega mótmælt og vísað til föðuhúsanna. Þá er gerð athugasemd við það, að Reynir Traustason haldi áfram linnu- og tilefnislausum skrifum sínum um Róbert Wessman, þegar fyrir liggur að Reynir hafi þegið tugi milljóna fyrir skrif sín úr höndum brottrekens starfsmanns Alvogen, Halldórs Kristmannssonar. Það hátterni brýtur í bága við siðareglur blaðamanna með vítaverðum hætti.“

Gerði kvartandi jafnframt kröfu um að fyrrgreind andsvör yrðu birt á ensku þar sem umfjöllunin var bæði birt á íslensku og ensku. Voru andsvörin á íslensku og ensku send ritstjóra Mannlífs og lögmanni hans. Í kvörtun kom fram að kröfu kvartanda um birtingu andsvara hafi verið synjað. Í synjuninni kæmi m.a. fram að Mannlíf hafi birt fyrirvara neðst í umfjölluninni sem jafngilti í raun



FJÖLMIÐLANEFND

andsvari að mati ábyrgðarmanns fjölmiðilsins. Að mati kvartanda væri slíkur fyrirvari á engan hátt fullnægjandi þar sem skaðinn væri skeður. Fyrirvarinn væri neðst í umfjöllun Mannlífs, sem fáir eða enginn læsi, og að mati kvartanda „fríaði“ slíkt Mannlíf ekki af þeim rógburði sem væri ritaður. Væri ótækt að einhver sem teldi sig vera fjölmiðill, eða eftir atvikum blaðamann, gæti haft uppi órökstuddar dylgjur án afleiðinga í „skjóli smáleturs neðst í grein“.

Að lokum var ítrekað í kvörtuninni að kvartandi hafi hafnað umfjöllunum um sig sem efnislega röngum. Að hans mati væru þær settar fram í þeim tilgangi að skaða orðspor kvartanda og með þeim væri brotið gegn almennum hegningarlögum þar sem hann væri ásakaður um refsiverða háttsemi að ósekju. Umfjallanir Mannlífs hafi skaðað kvartanda verulega en félög tengd honum hafi gert stóra alþjóðlega viðskiptasamninga og eitt þeirra yrði skráð á markað á næstunni þar sem traust, trúverðugleiki og upplýsingar skipti höfuðmáli. Umfjöllun Mannlífs um kvartanda væri honum þungbær og virtist fyrst og fremst ætlað að koma höggi á hann. Mannlíf hafi synjað kvartanda um birtingu andsvara sem hann ætti rétt á samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla. Hafi sú synjun verið án tilvísunar til þeirra aðstæðna sem getið er í 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla og réttlætt geta slíka synjun en vandséð væri að mati kvartanda að einhver þeirra ætti við. Fór kvartandi því fram á að Fjölmiðlanefnd tryggði rétt hans til andsvara, sbr. 4. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

Með kvörtuninni fylgdu skjáskot af umfjöllun Mannlífs um kvartanda frá 17. maí 2022 og skjáskot af tölvupóstsamskiptum lögmanns kvartanda við ritstjóra Mannlífs og lögmann hans vegna beiðni kvartanda um birtingu andsvara.

II. Réttur til andsvara

Í 36. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um réttinn til andsvara. Þar segir í 1. mgr. að aðili sem telur að lögmatir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli hafi rétt til andsvara í viðkomandi miðli eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skuli birt eða þeim miðlað þegar eftir að rök hafa verið færð fyrir beiðni þar um og sé fjölmiðli óheimilt að óska eftir greiðslu fyrir birtingu eða miðlun þeirra.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. getur fjölmiðlaveita synjað beiðni um andsvar við eftirfarandi aðstæður:

- a) andsvar fer yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynlegt til að leiðrétta staðreyndir málsins.
- b) í andvarinu felst annað og/eða meira en að leiðrétta staðreyndir sem fram hafa komið



FJÖLMIÐLANEFND

hjá fjölmiðlaveitunni.

c) andsvarið felur í sér efni sem brýtur í bága við almenn hegningarlög og er til þess fallið að gera fjölmiðlaveituna skaðabótaskylda eða er andstætt almennu siðferði.

d) andsvarið brýtur gegn lögvörðum hagsmunum þriðja aðila.

e) aðili getur ekki sýnt fram á að hann eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta.

f) upplýsingarnar sem fjölmiðlaveitan miðlaði eru beinar tilvitnanir í gögn sem stafa frá stjórnvöldum eða dómstólum.

Í ákvæði 36. gr. kemur jafnframt fram að synji fjölmiðlaveita beiðni um andsvar eða bregðist ekki við beiðni aðila innan þriggja sólarhringa geti hlutaðeigandi beint erindi þar að lútandi til Fjölmiðlanefndar sem taki ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri. Ákvörðun skuli tekin innan viku frá því Fjölmiðlanefnd berst erindi þar um og skuli nefndin leggja fyrir viðkomandi fjölmiðlaveitu að miðla andsvari án tafar þegar við á.

Réttur til andsvars tekur til allra fjölmiðla og bæði einstaklingar og lögaðilar geta nýtt sér hann. Synjun á réttinum er undantekning frá meginreglunni um andsvarsrétt og ber því að túlka þröngt, í samræmi við hefðbundin lögskýringarsjónarmið. Þetta kemur m.a. fram í skýringum við ákvæði 36. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga um fjölmiðla. Á hinn bóginn er ljóst að rétturinn er háður því að viðkomandi eigi sjálfur lögvarinna hagsmuna að gæta. Þá leiðir af a- og b-lið ákvæðisins að fjölmiðlaveitu er heimilt að hafna beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins sem og ef í því felst annað og/eða meira en slík leiðrétting. Eins og fram kemur í athugasemdum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla eru með þessu tekin af öll tvímæli um að andsvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Því er ekki um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti.

Ákvæði 36. gr. laga um fjölmiðla er reist á 23. gr. þágildandi hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2007/65/EB, sem fjallar um rétt einstaklinga og lögaðila til andsvara í sjónvarpsútsendingum, en samsvarandi ákvæði er nú að finna í 28. gr. í hljóð- og myndmiðlunartilskipun 2010/13/ESB, sem síðast var breytt með tilskipun 2018/1808/ESB. Brot gegn 1. og 4. mgr. 36. gr. geta varðað stjórnvaldssekt, sbr. m-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla, auk þess sem Fjölmiðlanefnd er heimilt að leggja dagsektir á þann sem vanrækir að verða við ákvörðun nefndarinnar um skyldu til að birta andsvör, sbr. e-lið 1. mgr. 36. gr. Þá er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með birtingu álits eða ákvörðunar, sbr. 5. mgr. 54. gr. laganna.



FJÖLMÍÐLANEFND

Fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum laga um fjölmiðla, sbr. 1. mgr. 54. gr. laganna.

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

Réttur til andsvara samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla lýtur líkt og fyrr greinir að því að leiðrétta staðreyndir þegar aðili telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Að baki ákvæðinu búa þau grunnrök að aðili, sem fjallað er um í fjölmiðli, fái komið að sjónarmiðum sínum og eigi rétt til andsvara telji hann að á honum hafi verið brotið með því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli. Eins og ráða má af ákvæðinu lýtur rétturinn að því að koma andsvörum á framfæri eftir að efni hefur verið miðlað í fjölmiðli en ekki áður en því er miðlað. Við matið kann þó að hafa þýðingu hvort viðkomandi hafi verið gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri við fjölmiðil áður en efni var miðlað, enda hefur markmiði andsvarsréttarins þá í reynd verið mætt, a.m.k. að einhverju leyti.

Auk framangreinds er ljóst af því sem rakið er í II. kafla hér á undan að réttur til andsvara lýtur ekki að því að koma sjónarmiðum að með almennum hætti. Fjölmiðlaveitu er þannig heimilt að synja beiðni um andsvar fari andsvarið yfir þau mörk í tíma eða lengd sem talin eru nauðsynleg til að leiðrétta staðreyndir málsins, sem og ef í andsvarinu felst annað og/eða meira en slík leiðrétting.

Líkt og áður greinir hefur kvartandi farið fram á að koma að fyrrgreindum andsvörum vegna umfjöllunar á vef Mannlífs sem birtist 17. maí 2022. Í andsvörum sínum gerir kvartandi athugasemdir við það að í umfjöllun Mannlífs sé gefið til kynna að hann hafi gerst sekur um hegningarlagabrot og að til standi að yfirheyra hann af lögreglu. Þannig sé vegið að æru kvartanda og er ásökununum harðlega mótmælt. Hið rétt sé að ritstjóri Mannlífs hafi tilkynnt um meinta aðkomu kvartanda til lögreglu vegna upplýsinga sem komið hafi frá „vafasömum aðila“. Ekkert liggi fyrir um hvort lögreglan hyggist taka skýrslu af kvartanda eða í hvaða tilgangi sú skýrslutaka eigi að vera. Kvartanda telji sig ekki hafa haft vitneskju og/eða aðkomu að hinu meinta innbroti. Í andsvari kvartanda er gerð athugasemd við það að Reynir Traustason haldi áfram að skrifa um kvartanda á miðli sínum þegar fyrir liggi að mati kvartanda að Reynir hafi þegið greiðslur fyrir þau skrif frá Halldóri Kristmannssyni. Slíkt brjótí í bága við siðareglur blaðamanna.

Í umfjöllun á vef Mannlífs 17. maí 2022 er m.a. rakið hvað kemur fram í kærri ritstjóra Mannlífs á hendur kvartanda. Segir m.a. að kærán snúist um „yfirhylmingu sönnunargagna eftir innbrot á



FJÖLMIÐLANEFND

skrifstofur Mannlífs“. Þar sem um er að ræða endursögn á því sem kemur fram í kæru ritstjóra Mannlífs til lögreglu er ekki um að ræða staðreyndavillur sem þarfnast leiðréttingar. Að mati Fjölmiðlanefndar felur andsvar kvartanda vegna fyrrgreindrar umfjöllunar Mannlífs, sem gefur það til kynna að hans mati að hann hafi gerst sekur um hegningarlagabrot, því ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum.

Varðandi athugasemdir kvartanda við það að umfjöllun Mannlífs gefi það til kynna að til standi að yfirheyra hann af lögreglu er haft eftir talsmanni kvartanda að „það [sé] ekki búið að því“. Þau ummæli og sú staðeynd að ritstjóri Mannlífs hafi kært kvartanda til lögreglu geta gefið ástæðu til að álykta sem svo að kvartandi verði kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna kærunnar. Sú fullyrðing Mannlífs að kvartandi hafi ekki „enn“ verið kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu, sem gæti gefið það til kynna að það standi til, er því ekki alfarið röng að mati Fjölmiðlanefndar. Felur andsvar kvartanda vegna fyrrgreindrar umfjöllunar Mannlífs, sem gefur það til kynna að hans mati að til standi að yfirheyra hann af lögreglu, því ekki í sér leiðréttingu á ótvíræðum staðreyndavillum.

Að lokum felur andsvar kvartanda og athugasemdir hans við það að Reynir Traustason haldi áfram að skrifa um kvartanda á miðli sínum, þegar fyrir liggir að mati kvartanda að Reynir hafi þegið greiðslur fyrir þau skrif frá Halldóri Kristmannssyni, í sér annað en að leiðrétta staðreyndir að mati Fjölmiðlanefndar.

Eins og fyrr greinir kemur fram í athugasemdum við a- og b-lið 2. mgr. 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla að andvarsréttur taki einungis til leiðréttinga á staðreyndum. Ekki er því um það að ræða að aðilar geti á grundvelli hans eignast rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri að öðru leyti. Ef slíkar beiðnir væru teknar til greina hefði það að mati Fjölmiðlanefndar í för með sér hættu á að réttur til andsvara yrði misnotaður á þann hátt að aðilum sem sættu umfjöllun fjölmiðils væri í lófa lagið að kalla eftir viðbótarumfjöllun á grundvelli 36. gr. og koma þannig að öðrum athugasemdum frá sinni hlið. Slíkt hefði veruleg íþyngjandi áhrif á starfsemi fjölmiðla og færi gegn forsendu ákvæðisins. Er í því sambandi vísað til þess sem áður greinir um að rétti til andsvara sé einungis ætlað að tryggja að aðili fái leiðréttar rangar staðreyndir. Rétt er þó að taka fram að það breytir ekki þeirri grundvallarreglu að fjölmiðlar leiti ólíkra sjónarmiða við umfjöllun sína og gefi þeim sem hallað er á í umfjöllun kost á að koma að sínum sjónarmiðum.

Í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að andsvör kvartanda sem tilgreind eru í kvörtun hans vegna umfjöllunar á vef Mannlífs þann 17. maí 2022 feli í sér annað en að leiðrétta staðreyndir, sbr. b-lið 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Var Sólarúni því heimilt að synja kvartanda um birtingu andsvara og verður fjölmiðlaveitunni ekki gert að birta þau.



FJÖLMÍÐLANEFND

IV. Ákvörðunarorð

Sólarúni ehf. var heimilt að synja beiðni kvartanda, Vilhelms Róberts Wessman, um andsvör vegna umfjöllunar á vef Mannlífs þann 17. maí 2022 á grundvelli b-liðar 2. mgr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson